

Ed.

679. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 43 20. júní 1923.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir klotnað um mál þetta. Meiri hlutinn mun leggja til, að frv. verði afgreitt með rökstuddri dagskrá. En minni hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt.

Eftir rækilegan undirbúning samþykkti búnaðarþingið 1931 ný lög fyrir Búnaðarfélag Íslands. Eru þær greinar félagslaganna, sem lúta að stjórnar-
fyrirkomulagi félagsins, prentaðar sem fylgiskjal, og visast til þess.

Þessi lög félagsins hafa ekki nema að nokkru leyti komið til framkvæmda, vegna þeirra ákvæða í 2. gr. jarðræktarlaganna, sem lagt er til í frv. þessu. að breyting verði gerð á.

Minni hlutinn telur breytingu þessa sanngjarna og sjálfsagða, til þess að Búnaðarfélagið geti sjálft ráðið málum sínum og búnaðarþingið, sem kosið er af fulltrúum allra bænda landsins, fái æðsta vald í öllum félagsmálum.

Ákvæði frv. um skipun annars endurskoðanda félagsins telur minni hlutinn veita nægilega tryggingu fyrir nauðsynlegu eftirliti af hálfu þings og stjórnar með starfsemi og fjárreiðum félagsins. Með því fyrirkomulagi getur ráðuneytið jafnan fylgt með í meðferð þess fjár, sem félaginu er árlega veitt í fjárlögum, og beitt þar áhrifum sínum, ef ástæða þykir til.

Leggur minni hlutinn því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. des. 1934.

Pétur Magnússon,
frsm.

Þorsteinn Briem.

Fylgiskjal.

Útdráttur úr lögum Búnaðarfélags Íslands.

1. gr.

Félagið heitir Búnaðarfélag Íslands. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er:

1. Að veita aðalforgöngu í starfandi félagsskap bænda til eflingar landbúnaðinum.

2. Að vera ráðgefandi tengiliður á milli ríkisvaldsins og bænda.
3. Að vinna að þessu með rannsóknum, tilraunum, fjárstyrk og leiðbeinandi eftirliti.

5. gr.

Félaginu stjórnar fulltrúaráð, er nefnist Búnaðarþing. Það kýs stjórn félagsins, er fer með málefni þess milli þinga.

6. gr.

Búnaðarþing skipa 14 menn, er þar eiga atkvæðisrétt, skulu þeir kosnir á aðalfundum sambandanna. Við kosningu þeirra hafa fulltrúar hreppabúnaðarfélaganna einir atkvæðisrétt.

Þar eiga ennfremur sæti, en ekki atkvæðisrétt, stjórn félagsins og búnaðarmálastjóri. Ráðunautar félagsins eiga þar tillögurétt og málfrelsi.

Búnaðarmálastjóri og ráðunautar félagsins eru ekki kjörgengir á Búnaðarþing.

7. gr.

Fulltrúar á Búnaðarþing skulu kosnir þannig:

1 fyrir umdæmi Búnaðarsambands Kjalarnesþings.

1 — — Búnaðarsambands Borgarfjarðar.

1 — — Búnaðarsambands Dala og Snæfellsness.

2 — — Búnaðarsambands Vestfjarða.

4 — — Ræktunarfélags Norðurlands.

2 — — Búnaðarsambands Austurlands.

3 — — Búnaðarsambands Suðurlands.

Jafnframt skulu kosnir jafnmargir varafulltrúar. Kosningar fara fram skriflega og gilda til 4 ára, þannig, að 7 fulltrúar séu kosnir hvort ár milli Búnaðarþinga.

Nú skiptist fleirmennings-umdæmi í tvö eða fleiri búnaðarsambönd, er Búnaðarþing viðurkennir, og hafa þá slík sambönd rétt til að kjósa fulltrúa á Búnaðarþing að tiltölu við býlafjölda í hinu upprunalega sambandssvæði.

9. gr.

Búnaðarþing skal haldið annað hvert ár í Reykjavík, nema Búnaðarþingið samþykki annan fundarstað, á þeim tíma, sem stjórnin ákveður. Fundir þess eru lögmatir, ef minnst 9 fulltrúar eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema þar sem lög þessi mæla öðruvísi fyrir.

Á Búnaðarþingi skulu kosnir 3 menn í stjórn félagsins ásamt varamönnum þeirra. Kosningin gildir til 4 ára og gengur einn úr stjórninni annað búnaðarþingsárið en tveir hitt. Á Búnaðarþingi skal og kjósa einn endurskoðanda innan Búnaðarþings og varamann hans. Gildir kosning þeirra til 4 ára. Atvinnumála-ráðuneytið skipar annan endurskoðanda og varamann hans.

10. gr.

Búnaðarþingið hefir æðsta vald í öllum félagsmálum. Það úrskurðar og samþykkir reikninga félagsins og setur því fjárlög. Á Búnaðarþingi skal skýrt

frá störfum félagsins og fjárhag. Það tekur ákvarðanir um starfsemi félagsins og ræðir önnur þau mál, er það óskar að gera tillögur um til hlutaðeigandi aðila.

Fundargerðir Búnaðarþings, samþykktir, tillögur og nefndarálit birtast í Búnaðarritinu.

11. gr.

Stjórnin kys úr sínum hóp formann félagsins. Stjórnar hann Búnaðarþingi og ber ábyrgð á að ályktunum þess sé fylgt. Hann skal og sjá um að fyrir hverju Búnaðarþingi liggi:

- a. Skýrsla um störf félagsins.
- b. Reikningar félagsins.
- c. Tillögur stjórnar og starfsmanna um það, hvernig störfum þess skuli hagað næstu árin.
- d. Áætlun um tekjur og gjöld félagsins.

12. gr.

Stjórn félagsins heldur fundi svo oft sem þörf krefur, og ræður þar afl atkvæða. Hún hefir umsjón með aðalframkvæmdum félagsins og fjárhag þess. Hún ræður framkvæmdarstjóra, er nefnist búnaðarmálastjóri, og getur hann ekki átt sæti í stjórninni. Hún ræður í samráði við búnaðarmálastjóra alla aðra starfsmenn félagsins og gefur þeim og búnaðarmálastjóra erindisbréf, en laun fastra starfsmanna ákveður Búnaðarþing.

Í fjarveru einhvers stjórnarnefndarmanns, þótt til skamms tíma sé, getur varamaður hans tekið sæti í stjórninni.

Stjórnin heldur gerðabók, er hún undirritar í hver fundarlok.

14. gr.

Búnaðarmálastjóri er málsvari félagsins út á við og ber honum að sjá um, að ákvarðanir Búnaðarþings og samþykktir stjórnarfunda komist til framkvæmda. Hann hefir yfirumsjón með starfsmönnum félagsins og veitir skrifstofu þess forstöðu, undirritar bréf í nafni félagsins, en samninga og önnur mikilsvarðandi skjöl undirritar formaður einnig. Búnaðarmálastjóri sér um varðveislu allra eigna félagsins og semur skrá yfir þær og verðmæti þeirra við hver árslok. Hann undirbýr stjórnarfundi og getur boðað til þeirra, þegar honum þykir þess þörf. Hann á sæti á stjórnarfundum, en ekki atkvæðisrétt.

17. gr.

Endurskoðendur skulu árlega rannsaka reikninga félagsins, telja sjóði þess og ath. eignarskirteini, enda eiga þeir aðgang að öllum bókum og skjölum hvenær sem er á starfstíma félagsins, og er stjórn og starfsmönnum skylt að veita þeim þær upplýsingar, sem þeim eru nauðsynlegar til framkvæmda starfsins. Þeim ber enn fremur að kynna sér starfrækslu félagsins yfirleitt og ásamt atugasemdum sínum, sérstaklega gera grein fyrir þeim afbrigðum, er verða kynnu á einstökum liðum reikninganna frá fjárhagsáætlun Búnaðarþings. Endurskoðandi atvinnuáráðuneytisins skoðast sérstaklega sem eftirlitsmaður

Þess með fjarreiðum Búnaðarfélagsins og ber að gefa því skýrslu, er þess er óskað af ráðuneytinu. Athugasemdum endurskoðenda skal svarað af þeim, sem hlut eiga að máli, og endurskoðendur síðan gera tillögur til úrskurðar, er lagðar verða fyrir Búnaðarþing.

21. gr.

Á meðan ekki fæst breyting á ákvæðum í lögum nr. 43 frá 20. júní 1923, um útnefning í stjórn félagsins, dragist ákvæði þessara laga um þau atriði. Að öðru leyti ganga lög þessi í gildi þegar í stað.